

# HÁSKÓLI ÍSLANDS

RAUNVÍSINDAEILD


UNIVERSITY OF ICELAND – FACULTY OF SCIENCE  
HJARÐARHAGI 2-6, 107 REYKJAVÍK, ICELAND  
TELEPHONE: +354-1-694646 TELEFAX: +354-1-25695

Prófessor Jón Bragi Bjarnason  
Raunvísindastofnun  
Háskólans

9. janúar 1991

Hjálagt er ljósrit af bréfi stjórnar Stjarnvísindafélags Íslands, dags. 19. des. 1990, sem sent var Menntamálaráðuneytinu ásamt skýrslu félagsins um "Stjarnvísindi á Íslandi". Óskað er umsagnar Háskóla Íslands um þessa tillögu. Stjórn Raunvísindastofnunar er beðin að fjalla um þetta erindi.

Virðingarfyllst



Unnsteinn Stefánsson  
deildarforseti

23. ágúst 1991

Einar H. Guðmundsson, formaður  
Stjarnvísindafélag Íslands  
Dunhaga 3  
Reykjavík.


Stjórn Raunvísindastofnunar Háskólans hefur fjallað um bréf yðar dags. 20 desember sl. þar sem kynnt var erindi Stjarnvísindafélagsins til menntamálaráðherra um framtíð stjarnvísinda á Íslandi og tillögur félagsins þar að lútandi.

Stjórn Raunvísindastofnunar er kunnugt um þær stórstígu framfarir sem orðið hafa í stjarnvísindum á síðustu árum og þann almenna áhuga sem þessari fræðigrein er sýndur. Stjórnin er því sammála, sem fram kemur í erindinu, að efla beri stjarnvísindi hér á landi. Við stofnunina starfa nú þegar vísindamenn á þessu sviði og miðað við reynsluna í öðrum greinum má telja líklegt að fyrir atbeina þessara manna muni stöðum í greininni fjölga á næstu árum eftir því sem fjárveitingar og önnur aðstaða leyfir. Stjórnin telur sjálfsagt að fullt tillit verði tekið til sjónarmiða stjarnvísindamanna um leið og aðrar óskir um nýjar stöður eru metnar á næstu árum. Ekki er ósennilegt að hinn almenni áhugi á stjarnvísindum muni gera það auðveldara að fá stuðning við fjárveitingar. Á hinn bóginn treystir stjórnin sér ekki á þessari stundu til að setja fram ákveðnar, stefnumarkandi tölur um þörfina fyrir nýjar sérfræðingsstöður í greininni. Til þess þyrfti jafnframt að gera langtímaáætlun fyrir önnur rannsóknarsvið stofnunarinnar, sem yrði viðamikil verkefni.

Stjórnin er ekki sannfærð um nauðsyn þess að stofna nýja rannsóknarstofu í stjarnvísindum, eins og félagið gerir tillögu um, að minnsta kosti ekki í nánustu framtíð. Stjórnin telur að fremur beri að nýta þann möguleika að koma upp deild innan rannsóknarstofu sem fyrir er, annað hvort á eðlisfræðistofu eða jarðeðlisfræðistofu. Stjórnin er því meðmælt að umræða fari fram um þetta mál á þessum tveimur stofum til undirbúnings að hugsanlegri skipulagsbreytingu.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar R.H.

  
Jón Bragi Bjarnason, formaður

# RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS

Menntamálaráðuneytið  
Hr. Árni Gunnarsson, skrifstofustjóri  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 12. janúar 1992

Efni: Tillögur um eflingu stjarnvísinda sbr. bréf H-70/N-100/V-12

Menntamálaráðuneytið óskaði eftir því við Háskóla Íslands að send yrði umsögn um erindi Stjarnvísindafélagsins til menntamálaráðherra um framtíð stjarnvísinda á Íslandi.

Unnsteinn Stefánsson deildarforseti sendi erindið stjórn RH og óskaði umsagnar. Fyrri stjórn RH fjallaði um málið og sendi Einari Guðmundssyni formanni Stjarnvísindafélagsins svarbréf 23. ágúst 1991.

Þetta bréf er sent ráðuneytinu nú vegna þess að ég hygg að málið hafi strandað við ofangreint svarbréf og umsögnin ekki borist ráðuneytinu. Ég get aðeins tekið undir svarbréf Jóns Braga Bjarnasonar, sem fylgir í afriti.

Varðandi aðild Íslendinga að norræna sjónaukanum vildi ég taka undir sjónarmið sem fram koma í niðurlagi bréfs Axels Björnssonar framkvæmdastjóra Vísindaráðs þar sem mælt er með því að ráðuneytið leiti leiða til þess að Íslendingar geti gerst aðilar að norræna sjónaukanum á allra næstu árum.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn I. Sigfússon  
formaður stjórnar RH

Meðf. afrit: Svarbréf JBB og bréf Axels Björnssonar frá Vísindaráði.